



## 358. Fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndarsviði Alþingis þann 24. september 2009, kl. 13.30 í Austurstræti 8-10. Mættir voru Álheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, Valgerður Bjarnadóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Vigdís Hauksdóttir og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis mætti vegna 3. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

### 1. Valhallarstígur 9

Lagt fram að nýju ódagsett erindi Eignamiðlunar. Þingvallanefnd fellur frá forkaupsrétti að Valhallarstíg 9. Jafnframt er fyrri samþykkt nefndarinnar um byggingarleyfi frá 6.12.2007, felld niður, þar sem leyfivæitingu var synjað að hálfu byggingaryfirvalda uppsveita Árnæssýslu þann 14.8.2008. Nefndin bendir á að allir lóðarleigusamningar í þjóðgarðinum á Þingvöllum renna út þann 30. júní 2010 og eru þeir ásamt byggingaskilmálum til endurskoðunar. Nefndin áréttar af þessu tilefni samþykkt frá 353. fundi Þingvallanefndar þann 6. mars 2008, um að ekki verði veittar heimildir til nýbygginga eða til endurgerða á sumari á sumari í þjóðgarðinum fyrr en að endurskoðun lokinni.

### 2. Vetraropnunartími.

Samþykkt var að Fræðslumiðstöðin yrði opin í október frá 9-16 alla daga og í nóvember og desember um helgar.

### 3. Önnur mál

Lóðarleigusamningar. Allir lóðarleigusamningar innan þjóðgarðsins á Þingvöllum renna út þann 30. júní 2010 og fyrir liggur að byggingarskilmálar og lóðarleigusamningar verði endurskoðaðir í heild sinni, fyrir þann tíma. Við þá endurskoðun kunna lóðir innan þjóðgarðsins að verða minnkaðar í þeim tilgangi að auðvelda gestum þjóðgarðsins aðgang að Þingvallavatni.

Lagt var fram minnisblað Lilju Jónasdóttir lögmanns dags. 21. september 2009 varðandi það hvernig lög nr. 75/2008 um frístundabyggð og leigu lóða undir

frístundahús horfa við þeirri frístundabyggð sem nú er í þjóðgarðinum og hugsanlega skörun þeirra við lög nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Samþykkt var að hefja undirbúning að endurflutningi á frumvarpi sem fyrri Þingvallanefnd lagði fyrir Alþingi á 136. þingi.

Deiliskipulag. Lagðar voru fram athugasemdir frá Umhverfisstofnun (dags. 3. 11. 2008), frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands (dags. 7. 7. 2008) og frá Fornleifavernd ríkisins (dags. 3. 7. 2008) við deiliskipulag sumarhúsabyggðar í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þingvallanefnd samþykkir, sbr. 351. fund Þingvallanefndar 5. sept. 2007, að taka á ný til umfjöllunnar tillögu að deiliskipulagi að Þingvöllum m.a. með tilliti til framangreindra athugasemda og í tengslum við endurskoðun á byggingaskilmálum og lóðarleigusamningum.

Fjárhagsstaða þjóðgarðsins. Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis skýrði frá bráðabirgðaniðurstöðu sinni varðandi fjárhag þjóðgarðsins. Endanleg skýrsla mun lögð fram fyrir miðjan október.

Kirkjugripir. Lagt fram bréf Kristínar Huldar Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Forleifaverndar ríkisins og Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar, varðandi friðaða kirkjugripi í Þingvallakirkju. Álfheiði Ingadóttur formanni var falið að ræða við bréfitara og lögmann Þingvallanefndar um málið.

Einkavegur í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Skv. ljósmyndum sem lagðar voru fram hefur eigandi sumarhúss við Gjábakka nr. 3 merkt aðkomu að bústað sínum sem einkaveg og lokað honum að auki með læstri keðju. Formanni var falið að kanna tildrög þessa og viðbrögð.

Fundir Þingvallanefndar. Rætt var um nauðsyn þess að funda þétt a.m.k. næstu mánuði og að senda skuli gögn til nefndarmanna fyrir fund ef kostur er.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:10.